*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 139/2677
*komudagur* 23. 5. 2011

BSRB

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. maí 2011

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal), þskj. 1389 – 785. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, um mansal.

Bandalagið hefur lagt sérstaka áherslu á baráttuna gegn mansali, þannig var samþykkt sérstök ályktun um mansal á 42. þingi BSRB. Í ályktuninni segir m.a. að mansal sé að aukast á Íslandi og því sé mikilvægt í baráttunni gegn því að stjórnvöld og frjáls félagasamtök starfi saman og markvissar, samþættar og samræmdar aðgerðir gegn mansali á alþjóðavettvangi séu nauðsynlegar. Hækkun refsiramma vegna mansals er í samræmi við framangreint.

BSRB fagnar markmiðum frumvarpsins og gerir ekki efnislegar athugasemdir við það.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA
Grettisgötu 89 105 Reykjavík Sími 525 8300 Fax 525 8309 bsrb@bsrb.is www.bsrb.is